

11. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

22. október 2019, Reykjavík kl. 15:00

Mættir eru: Marínó Örn Ólafsson (MÖÓ), Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Sara Þöll Finnbogadóttir (SPF) og Una Hildardóttir (UH).

Frá skrifstofu: Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

Fundur settur: 15:20

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 10. stjórnarfundar** til samþykktar. **Samþykkt.**
2. **Frá skrifstofu:**
 - 2.1. Tilkynning um prókúru. Undirrituð
 - 2.2. MÖÓ upplýsir bókara um fæðingarorlof starfsmanna.
 - 2.3. Æskulýðsráð. Næsti fundur er ætlaður vinnu við undirbúning að nýrri stefnu í æskulýðsmálum, skilgreiningu hagsmunaaðila ofl. Vinnan enn nokkuð ómótuð. SHB sækir fundi í stað TI.
3. **Leiðtogaskólinn 2019**
 - 3.1. Endurmat: Kom mjög vel út. Almennt mikil ánægja með skólann, námskeiðin og þjálfara. Örlítill gagnrýni á þau námskeið sem voru í hefðbundnum fyrirlestrar stíl.
 - 3.2. Fjármál: Útgjöld miðað við áætlun. Fórum nokkuð fram úr áætlun en hún var fremur bjartsýn. Kostnaður við hádegismat vó þar þyngst.
 - 3.3. Útskrift: 17 þátttakendur sem útskrifuðust og stóðu að 14 mismunandi lokaverkefnum sem kynnt voru á Málþinginu: “Innleiðing Heimsmarkmiðanna í ungmennastarfi” þann 20. október 2019.
4. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið**
 - 4.1. Drög að samstarfssamningi liggja fyrir. Efnislega líta þau vel út og gera ráð fyrir föstum fundum, rýni og ráðgjöf LUF þegar kemur að lagafrumvörpum og ákveðnum málum. Þá er LUF falið að móta frekari tillögur að samráði stjórnvalda og ungs fólks til frambúðar. Ljóst er að ef LUF á að sinna starfinu eins og best væri á kosið þurfi félagið aukinn starfskraft og þarf því að tryggja fjármögnun sem stendur undir auknum skyldum LUF skv. samningnum. SHB upplýsir ráðuneytið um afstöðu stjórnar og biður um annan fund.
5. **Alþjóðamál:**
 - 5.1. Endurgreiðsla vegna COMEM. Spurning hver eigi að bera kostnað ef endurgreiðsla fæst ekki. Starfsmenn eru búnir að leita allra leiða til að sækja endurgreiðslu. Ljóst er að félagið hefur ekki fjármagn til að standa undir óvæntum kostnaði sem þessum.
 - 5.2. Sendinefnd LUF hjá SP.
 - 5.2.1. Beiðni til forsætisráðuneytisins til samþykktar. Samþykkt. SHB sendir beiðni sem fyrst í samráði við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.
 - 5.2.2. Loftslagsráðstefnan, COP25 2. - 13. desember 2019. Kjör ungmennafulltrúa hjá SP á sviði loftslagsmála á næsta

fulltrúaráðsfundi. Upplýsum umhverfis- og auðlindaráðuneytið um leið og fulltrúi hefur verið kjörinn.

- 5.3. YFJ Strategic Meeting. SÞF fór út fyrir hönd LUF. Skýrsla til upplýsinga.
- 5.4. Nordic Youth Summit on Social Inclusion 6-8 November, Stockholm. SÞF og GF fara út fyrir hönd LUF.
- 5.5. YFJ COMEM 22-23 nóvember. SÞF fer fyrir LUF.
- 5.6. Rut fór til Brussel á AC fund. Youth strategy samþykkt. Farið yfir áherslur fyrir 2030.
- 5.7. Fundur með forsætisráðherrum norðurlandanna. Una fer út fyrir LUF.
- 5.8. Fundur með Alþjóðanefnd LUF. Reglugerð Alþjóðanefndar var rædd og mótaðar tillögur að uppfærslu með Sendinefnd LUF hjá SÞ í huga. Fórum yfir áherslur fyrir Aðalþingi SÞ þar sem Esther, ungmennafulltrúi hjá SÞ á sviði mannréttinda mun flytja ræðu.

6. Styrkumsóknir til upplýsinga:

- 6.1. Íslandsbanki 1. október: Sótt um fyrir Leiðtogaskólanum 2020 - umsókn var hafnað.
- 6.2. Landsbankinn 4. október: Leiðtogaskóli LUF 2020 (sótt um styrk fyrir 1.000.000 kr.)
- 6.3. Æskulýðssjóður 15. október: Stjórnmalaskóli LUF (sótt um fyrir 700.000 kr.) og Skuggaþing (sótt um fyrir 3.100.000 kr.).

7. 3. Fulltrúaráðsfundur 30. október.

- 7.1. Dagskrá:
 - 7.1.1. Kosning Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála. Auglýst hefur verið eftir framboðum. Kosningafyrirkomulag rætt og ákveðið að miða við sama fyrirkomulag og á 2. fulltrúaráðsfundi við kjör ungmennafulltrúa á sviði mannréttinda.
 - 7.1.2. Kynnum fyrirhugað samstarf við félagsmálaráðuneytið.
 - 7.1.3. Áfangaskýrsla stjórnar.
 - 7.1.3.1. Kærumálið: Niðurstaða og næstu skref.
 - 7.1.3.2. Staða fjármála.
 - 7.1.4. Vinnureglur Alþjóðanefndar: Uppfærum miðað við niðurstöðu fyrsta fundar Alþjóðanefndar. Leggjum fram til samþykktar ef það næst í tæka tíð.

8. Næsti stjórnarfundur.

9. Önnur mál: Nafn félagsins: Ekkert hefur hreyfst í umsókn um einkaleyfi. SHB leggur til að skrá félagið LUF til bráðabirgða. Samþykkt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:22.

SHB ritaði fundargerð.